

Priðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 273/1996.

Hvalur hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Oxala Shipping Company Ltd. og

Fiskiðjunni Veri

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 1996, þar sem staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 22. febrúar 1996 um að hafna kröfu sóknaraðila um úthlutun af söluverði togarans Fisherman, skráningarnúmer 6124, sem seldur var nauðungarsölu 8. nóvember 1995. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að viðurkennd verði krafa hans í söluverð ofangreinds skips, að fjárhæð 750.000 krónur, auk nánar tilgreinds innheimtukostnaðar, vaxta og dráttarvaxta. Einnig krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili, Fiskiðjan Ver, krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Til vara krefst varnaraðilinn þess, að krafa sóknaraðila um úthlutun af söluverði skipsins verði lækkuð. Auk þess krefst þessi varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili, Oxala Shipping Company Ltd., hefur ekki látið mál-ið til sín taka.

Svo sem greinir í úrskurði héraðsdóms, gerði sóknaraðili engan reka að því, að haldið yrði sjópróf vegna atvika þeirra, sem mál þetta er risið af, þrátt fyrir fyrirmæli í 3. tölulið 219. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Samkvæmt skýrslu Viðars Þórðarsonar hafnsögumanns og Sigurðar Hallgrímssonar forstöðumanns 27. apríl 1995 skoðuðu þeir

skemmdir á togaranum Venusi 24. janúar sama ár. Að sögn þeirra bentu allar aðstæður til þess, að orsök skemmdanna væri sú, að togarinn Fisherman og fyrrgreint skip hefðu slegist saman í vondu veðri. Vitni, sem komu fyrir dóm, gátu ekki borið um, með hvaða hætti skemmdirnar urðu. Engir sjónarvottar hafa borið um, að skipin hafi rekist á í Hafnarfjarðarhöfn á þeim tíma, sem haldið er fram, að tjónið hafi orðið.

Þótt líkur séu til, að togarinn Venus hafi skemmst með þeim hætti, sem sóknaraðili heldur fram, eru engar sönnur komnar fram um, að skemmdirnar verði raktar til atvika, sem eigandi eða útgerðarmaður Fisherman beri ábyrgð á. Verður því niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Sóknaraðili greiði varnaraðilanum Fiskiðjunni Veri kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Hvalur hf., greiði varnaraðila, Fiskiðjunni Veri, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 9. maí síðastliðinn og tekið til úrskurðar 12. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Hvalur hf., kt. 650169-6549, Miðsandi, Hvalfirði.

Varnaraðilar eru Oxala Shipping Company Ltd., Limassol, Kýpur, og Fiskiðjan Ver, kt. 060550-4179, Óseyrarbraut 20, Þorlákshöfn.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um úthlutun söluandvirðis togarans Fisherman verði hnekkð og viðurkennd verði krafa sóknaraðila í söluandvirðið, sem sundurliðist þannig:

1. Höfuðstóll	kr.	750.000
2. Vextir	–	51.004
3. Innheimtukostnaður	–	83.181
4. Virðisaukaskattur	–	20.379
	<u>Kr.</u>	<u>904.564</u>

auk áfallandi dráttarvaxta frá 21. desember 1995 til greiðsludags og málskostnaðar fyrir héraðsdómi að mati dómsins.

Af hálfu varnaraðila Oxala Shipping Company Ltd. hefur þing ekki verið sótt og engar kröfur gerðar.

Af hálfu varnaraðila Fiskiðjunnar Vers eru þær kröfur gerðar, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 22. febrúar 1996 um höfnun úthlutunar til sóknaraðila af uppboðsandvirði togarans Fisherman, skráningarnúmer 6124, verði staðfest.

Til vara krefst varnaraðili þess, að krafa sóknaraðila um úthlutun af uppboðsandvirði ofangreinds togara verði stórlega lækkuð.

Í báðum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

II.

Togarinn Fisherman, skráningarnúmer 6124, var seldur nauðungarsölu 8. nóvember 1995 hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík. Mótmæli bárust við frumvarpi sýslumanns til úthlutunar söluverðs, og var haldinn fundur um þau hjá fulltrúa sýslumanns 22. febrúar 1996. Við þá fyrirtöku ákvað fulltrúi sýslumanns að fallast á mótmæli umboðsmanns varnaraðila, Fiskiðjunnar Vers, og hafna kröfu sóknaraðila um úthlutun af söluverði. Af hálfu sóknaraðila var þá lýst yfir því, að leitað yrði úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun þessa, sem hann og gjörði með bréfi, dagsettu 16. apríl 1996.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að 24. janúar 1995 hafi útgerðarstjóri b/v Venusar HF 519, sem sé í eigu sóknaraðila, tekið eftir því, að dæld hafi verið komin aftan til á stjórnborðssíðu skipsins, þar sem það lá í Hafnarfjarðarhöfn. Við skoðun hafi komið í ljós, að þegar skemmdirnar hafi orðið, hafi b/v Fisherman legið utan á b/v Venusi. Megi rekja skemmdirnar til þess, að ekki hafi verið gengið tryggilega frá b/v Fisherman, þegar hann var bundinn við b/v Venus, en sú skylda hvíli á skipstjóra þess skips, er leggist upp að öðru. Sé því hér augljóslega um bótaskyldu að ræða, sbr. VII. kafla siglingalaga nr. 34/19. júní 1985 og sjóveðskröfu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 197. gr., sbr. 3. mgr. 202. gr. sömu laga.

Sóknaraðili kveður tjónið hafa verið metið af Könnun hf. og það talið vera 750.000 kr., en félagið sé viðurkennt tjónmatsfyrirtæki, og sé mat þess jafnan lagt til grundvallar við uppgjör vátryggingarbóta.

Áður en mál hafi verið höfðað til heimtu bótanna, hafi verið krafist nauðungarsölu á b/v Fisherman og hann seldur 8. nóvember 1995, og hafi kröfunni verið lýst í uppboðsandvirðið sama dag.

Sóknaraðili kveður skaðabótakröfu þessa komast að við úthlutun upp-

boðsandvirðis b/v Fisherman, þótt ekki hafi verið genginn dómur um hana, er nauðungarsalan fór fram. Myndi önnur niðurstaða leiða til þess, að sóknaraðili missti þann rétt, er lögin áskilji honum, en sjóveðskrafan hafi ekki verið fyrnd, er salan fór fram og kröfu lýst, en lýsingin sé ígildi mál-sóknar.

Varnaraðili styður aðalkröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að sóknaraðili hafi hvorki átt dæmda né viðurkennda skaðabótakröfu á hendur eiganda Fisherman á uppboðsdegi, og því hafi hann ekki átt rétt til úthlutunar af uppboðsandvirði.

Varnaraðili telur einnig, að staðfesta verði ákvörðun fulltrúa sýslumanns með vísan til þess, að sýslumaður hafi ekki vald til þess að viðurkenna umdeilda skaðabótakröfu, og hafi því verið óhjákvæmilegt að hafna kröfu sóknaraðila. Við endurskoðun dómara á ákvörðun fulltrúa sýslumanns gildi alveg sömu sjónarmið. Varnaraðili heldur því fram, að úr umdeildri skaðabótakröfu eða ætlaðri sök skipstjóra eða fyrrverandi eiganda Fisherman á árekstri skipanna skv. VII. kafla siglingalaga verði ekki leyst í uppboðsmáli né heldur kveðið á um sekt eða sýknu ætlaðra tjónvalda, án þess að þeim hafi réttilega verið stefnt og gefinn kostur á að svara til saka. Varnaraðili telji, að af þessum sökum geti krafa um úthlutun af uppboðsandvirði ekki náð fram að ganga.

Varnaraðili styður aðalkröfu sína jafnframt því, að sóknaraðili hafi ekki sannað eða gert sennilegt, að hann eigi rétt til þeirra skaðabóta, sem hann krefst. Varnaraðili mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila að öllu leyti sem ósönnuðum og hafnar því, að fram lögð gögn séu fullnægjandi grundvöllur til greiðslu skaðabóta til handa sóknaraðila. Varnaraðili vísar til þess, að sóknaraðili hafi látið hjá líða að óska sjóprófs vegna ætlaðs árekstrar, og verði hann því að bera hallann af skorti sönnunar vegna þeirra málsatvika, sem hann styður málatilbúnað sinn við. Einnig vísar varnaraðili til ákvæða 160. gr. siglingalaga.

Varnaraðili skírskotar einnig til þess, að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á tjón sitt og að fram lagt bráðabirgðamat geti ekki orðið grundvöllur bóta-kröfu. Í fyrsta lagi hafi verið upplýst, að viðgerð hafi farið fram á v/b Ven-usi, en að auki hafi matið verið einhliða unnið fyrir sóknaraðila, og sé það án sérstaks rökstuðnings eða sundurliðunar áætlaðs viðgerðarkostnaðar. Einnig verði ekki séð, að tekið hafi verið tillit til ástands v/b Venusar fyrir hið ætlaða tjón eða dreginn frá ávinningur sóknaraðila af viðgerðinni. Mótmælir varnaraðili því matinu sem röngu og þýðingarlausu við úrlausn máls-ins.

Verði talið, að sóknaraðili eigi skaðabótakröfu eða geti átt skaðabóta-

kröfu vegna hins ætlaða tjóns, heldur varnaraðili því fram, að hafna verði kröfu hans um úthlutun af uppboðsandvirði, þar sem sjóveðsréttur sóknaraðila sé niður fallinn sökum fyrningar. Samkvæmt 201. gr. siglingalaga nr. 34/1985 fyrnist sjóveðsréttur, hafi honum ekki verið fylgt eftir með lögsókn innan árs, frá því að krafan stofnaðist. Sóknaraðili miði við, að hinn ætlaði árekstur hafi orðið 13. janúar 1995. Samkvæmt því og ákvæðum 201. gr. siglingalaga hafi sóknaraðila borið að höfða mál til staðfestingar sjóveðsréttarins fyrir 13. janúar 1996, en það hafi hann ekki gert, og því sé veðréttur hans niður fallinn sökum fyrningar. Kröfulýsing sóknaraðila í uppboðsandvirði togarans hafi ekki rofið fyrningu veðréttarins, sbr. 201. gr. siglingalaga, og ekki verði talið, að 3. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991 heimili aðra niðurstöðu eða leysi sóknaraðila undan þeirri skyldu að höfða mál til staðfestingar á bótakröfu og/eða veðrétti sínum. Vísar varnaraðili sérstaklega til þess, að gera verði skýran greinarmun á veðrétti annars vegar og skaðabótakröfu hins vegar, en skaðabótakrafa sóknaraðila fyrnist á tveimur árum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 215. gr. siglingalaga, og hafi fyrningu hennar hugsanlega verið slitið með kröfulýsingu, sbr. 3. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991. Þó telji varnaraðili, að ákvæði 3. mgr. 49. gr. eigi aðeins við um „virkar“ kröfur, en ekki umdeildar eða skilyrtar kröfur, og að ákvæðið verði ekki notað til að lengja frest tjónþola samkvæmt siglingalögum til þess að fá sjóveð og/eða sjókröfu viðurkennda með lögsókn. Varnaraðili telur, að fyrningu sjóveðsréttar verði eingöngu slitið með lögsókn, sbr. 201. gr. siglingalaga. Um þessa málsástæðu vísar varnaraðili jafnframt til þess, sem áður er sagt, að umdeild skaðabótakrafa verði ekki viðurkennd af sýslumanni eða í máli, sem rekið er skv. 13. kafla laga nr. 90/1991.

IV.

Sóknaraðili gerði engan reka að því, að haldið yrði sjópróf samkvæmt ákvæðum XIII. kafla siglingalaga nr. 34/1985 vegna ákomu þeirrar á Venus, HF 519, sem hann heldur fram, að orðið hafi 13. janúar 1995 af völdum togarans Fisherman, sem gerður var út af hálfu varnaraðilans Oxala Shipping Company Ltd. Þá höfðaði hann ekki heldur mál til viðurkenningar á bóta-skyldu félagsins og heimtu bóta úr hendi þess, en eigi verður talið, að sóknaraðila hafi gegn mótmælum varnaraðila, Fiskiðjunnar Vers, tekist sönnun bótaábyrgðar útgerðaraðilans með þeim gögnum, sem sóknaraðili styðjist við í máli þessu. Verður því þegar af þeirri ástæðu eigi hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um úthlutun af söluverði umrædds togara. Ber því að staðfesta ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík þar um frá 22. febrúar 1996.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða

varnaraðila Fiskiðjunni Veri málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 60.000 kr. án virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 22. febrúar 1996 um að hafna kröfu sóknaraðila, Hvals hf., um úthlutun af söluverði togarans Fisherman, skráningarnúmer 6124, er staðfest.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Fiskiðjunni Veri, 60.000 kr. í málskostnað.
